

SKRÁNING OG GREIÐSLUR

Skráning: Skráning fyrir nemendur í 1.-4. bekk fer fram á íbúavefnum Minn Garðabær. Breytingar á dvalartíma þarf að tilkynna fyrir 20. hvers mánaðar og taka þá breytingar gildi næsta mánuð

Gjald: Gjaldskrá má finna á heimasíðu Garðabæjar, á heimasíðu Sjáländsskóla og hjá umsjónaraðilum Sælukots. Gjaldskrá er byggð upp á 10 klst. flokkum með jafnari greiðslu fyrir hverjar klst. Greiðslur fara í gegnum Garðabæ og greitt er mánuð fyrirfram. Ekki er tekið gjald fyrir ágúst og júní mánuð en rukkað er fullt gjald fyrir desember og páskamánuðinn.

Öllum börnum í 1.-4. bekk stendur til boða að vera á tómstundaheimilum á lengri dögum, s.s. á starfsdögum kennara, foreldraviðtölum, í vetrafríi, páskafríi og jólafríi. Vistun fyrir þá daga þarf að skrá sérstaklega með fyrirvara hjá umsjónarmanni tómstundaheimilisins. Gjald fyrir þessa daga er reiknað út frá fjölda skráðra klukkustunda og miðast við tímagjald í auglýstri gjaldskrá.

MIKILVÆG ATRIÐI

- Allar breytingar á vistun, s.s. ef barnið á að fara sjálft heim, með vinum sínum, sleppa æfingu eða aðrar breytingar skal tilkynna þær til umsjónarmanns í síðasta lagi fyrir klukkan 13 sama dag. Hafi forráðamenn ekki haft samband ber starfsfólki að fylgja skráðri vistun. Til að tryggja öryggi barnanna biðjum við forráðamenn að virða þessa vinnureglu.
- Börn fá aðeins að hringja í foreldra ef erindið telst brýnt.
- Börnin leika með dótið í Sælukoti og skilja sitt eigið dót eftir heima .
- Farsíma skal geyma í skólatöskum.
- Foreldrar eru beðnir um að sækja börnin inn í Sælukot og láta starfsmenn vita þegar þau fara.
- Tilkynningar um breytta dvöl skal berast til umsjónarmanns fyrir 20. hvers mánaðar.



Sælukot

TÓMSTUNDAHEIMILI SJÁLÄNDSSKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2018-2019



Opnunartími:

Kl. 13:30-17:00
alla virka daga

Umsjónarmaður:

Díana Rúnarsdóttir
diana@sjalandsskoli.is
saelukot@sjalandsskoli.is

Sími:

590-3100
617-1508

Sælukot

Tómstundaheimilið Sælukot er opið öllum nemendum í 1.– 4. bekk Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans.

Sælukot er staðsett á jarðhæð í ípróttaráfanga Sjálandsskóla og er þar heimasvæði Sælukots. Einnig nýtum við okkur fleiri svæði innan skólans s.s. útisvæði, ípróttahús, danssal og listgreinastofur. Börnin geta gengið í gegnum skólann þegar þau koma í Sælukot en þegar þau fara heim eða eru sótt eiga þau að nota inngang/útgang ípróttahússins.

Starfsemi tómstundaheimilisins miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni og kemur fram á skóladagatali. Í jóla-, páska- og vetrarleyfi er Sælukot opið frá kl. 8:30-17:00 nema á aðfangadag og gamlársgang.

Á starfsdögum skólans og þá daga sem kennsla fellur niður vegna nemenda- og foreldraviðtala er tómstundaheimilið opið allan daginn. Sækja þarf um vistun sérstaklega fyrir þessa daga.

Skipulag

Mæting: Börnin byrja daginn á því að skrá sig inn hjá starfsmanni, flytja dótið sitt yfir á heimasvæði Sælukots og fara í stutta útivist.

Hressing: Síðdegishressing er alltaf eftir útivist, um kl 14. Síðdegishressing er innifalin í verðinu.

Eftir hressingu fara börnin ýmist á nýja stöð eða halda sig á sömu stöð (yfirleitt þeirra val).

Klukkan 16 er farið að ganga frá svæðum og sameinast í Sælukoti. Í samvinnu við starfsmenn sjá börnin um frágang á svæðunum og því dóti sem þau voru að leika sér með.

Dæmi um dag í Sælukoti:

13:30: Börn mæta og velja sér svæði

13:30-14:00: Börn eru á sínum svæðum

14:00-14:30: Síðdegishressing

14:30-16:00: Börn fara á nýtt svæði

16:00-17:00: Öll börn fara í Sælukot

17:00: Tómstundaheimili lokar

Markmið

Markmið okkar í Sælukoti er að börnunum líði vel og hafi gaman af starfseminni sem þar er í boði. Í Sælukoti leggjum við áherslu á að bjóða daglega upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem hver og einn ætti að finna eitthvað við sitt hæfi. Við leggjum mikið upp úr frjálsum leik, notumst einnig við margskonar sköpun og opinn efnivið í okkar starfi.

Ef spurningar vakna eða þið hafið góðar ábendingar þá hikið ekki við að hafa samband við okkur.